

B 327/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um
ráðherranefndartillögu
um fjármögnun norrænu samstarfsstofnananna

Tillögur

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún framkvæmi ráðherranefndartillögu um fjármögnun norrænu samstarfsstofnananna með tilliti til ábendinga nefndarinnar í kafla um sjónarmið nefndarinnar

Bakgrunnur

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) hefur ákveðið að leggja fram ráðherranefndartillögu um fjármögnun norrænu samstarfsstofnananna. Í tillögunni felst:

- Að norrænar fjárveitingar til samstarfsstofnananna fjögurra á sviði menntamála, Norrænu kjarneðlisfræðistofnunarinnar (NORDITA), Norrænu sjóréttarstofnunarinnar (NIFS), Norrænu stofnunarinnar um Asíurannsóknir (NIAS) og Norræna eldfjallasetursins (NORDVULK) færist til NordForsks á aðlögunartíma árin 2021-2023.
- Að NordForsk verði falið að gera rammisamning við gistiháskóla samstarfsstofnananna, Stokkhólmsháskóla, háskólann í Ósló, Hafnarháskóla og Háskóla Íslands, á aðlögunartímanum.
- Að fjármögnun samstarfssamninganna geti numið sömu fjárhæð og nú að því tilskildu að gistiháskólarnir axli meginábyrgð sína að fullu og að unnt verði að mæta kröfum um norrænt notagildi á tímabilinu.
- Að meginábyrgð gistiháskólanna á starfsemi samstarfsstofnananna, stjórnslu og fjárreiðum verði gerð skýrari.
- Að norrænar fjárveitingar verði ekki nýttar til grunnfjármögnunar og takmarkist við þriðjung þeirrar fjárveitingar sem samstarfsstofnanirnar fá á innlendum vettvangi.
- Að NordForsk verði falið að koma á fjármögnunarkerfi frá og með fjárhagsárinu 2024 sem nýta á til að styrkja samnorrænar stofnanir og önnur samstarfsnet til lengri tíma. NordForsk á að bjóða út samkeppnisstyrki.



Ástæður þær sem gefnar eru fyrir breyttri fjármögnun samstarfsstofnananna eru í stuttu máli þessar:

- Eins og á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi þarf skipulag rannsókna og uppbygging og ferli fjármögnunar í norrænu samhengi að verða sveigjanlegur til að mæta samfélagslegum og vísindalegum áskorunum og kröfum.
- Norrænt rannsóknarsamstarf á aðallega að taka mið af gildandi forgangsröðun rannsóknarráðanna. Þess vegna flyst ábyrgðin á fjármögnuninni til NordForsks en í stjórn stofnunarinnar sitja fulltrúar rannsóknarráða landanna.
- Rannsóknarráðin eða sambærilegir aðilar eru hæfir til að forgangsráða, ákvarða um, fjármagna og meta rannsóknir en hvorki MR-U/EK-U né skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar.
- Norrænt fjármagn á ekki að nota til grunnfjármögnunar á rannsóknarstarfsemi. Grunnfjármögnun ýmissa tiltekinna styrkþega vinnur gegn æskilegum sveigjanleika. Sú fjármögnunarleið sem er lögð til felur samt sem áður í sér að samstarfsstofnanirnar komi til greina í útboði um samkeppnisstyrki.

Nefndin fjallaði um svipaða tillögu, *ráðherranefndartillögu um að beinni fjármögnun norrænu samstarfsstofnananna yrði hætt í áföngum*, á janúarfundi sínum árið 2018. Munurinn á þeirri tillögu og nýju tillögunni er að lagt var til að fjármögnun samstarfsstofnananna yrði minnkuð um 25 prósent á ári í fjögur ár. Nefndin studdi ráðherratillöguna með þeirri athugasemd að mikilvægt væri að taka tillit til starfsfólksins og viðkomandi rannsóknarsviða. Upprunalega tillagan var aldrei lögð fyrir Norðurlandaráð vegna ósamkomulags um hana í ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir. Þess í stað var skipaður samningamaður, Peter Stenlund, fyrrverandi sendiherra, sem var falið að afla upplýsinga sem gætu myndað grunn að pólitísku samkomulagi. Þessi nýja ráðherranefndartillaga, sem fulltrúar allra landa í MR-U samþykktu, byggist á skýrslu Peter Stenlunds, *Beslutsunderlag om samarbetsorganens nordiska finansiering* (Grundvöllur að ákvörðun um fjármögnun norrænu samstarfsstofnananna).

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin vill í upphafi þakka fyrir viðræðurnar um þetta mál, bæði á embættismanna- og ráðherrastigi.

Þekkingar- og menningarnefndin hefur aflað umsagnar allra samstarfsstofnananna og gistiháskólanna um skýrslu Peters Stenlund. Í umsögununum kemur fram að:

- NORDVULK og Háskóli Íslands hafi efasemdir um forsendur tillögunnar en telji hana vera viðunandi málamiðlun.
- NIAS og Hafnarháskóli telji tillögunnar fela í sér þakkarverðar lausnir á þeim áskorunum sem fyrir hendi eru.
- NORDITA og Stokkhólmsháskóli telji að tillögunnar í skýrslunni tryggi að samstarfsstofnanirnar geti gert áætlanir til langs tíma.
- NIFS og Háskólinn í Ósló telji að tillögunnar eyði óvissu um næstu ár en æskilegra hefði verið að halda áfram beinni fjármögnun.



Samstarfsstofnanirnar nefndu auk þess ýmis mikilvæg atriði sem nefndin er sammála um og hvetur Norrænu ráðherranefndina til að athuga:

- NordForsk verður að hafa samráð við samstarfsstofnanirnar við útfærslu á þeirri framtíðarfjármögnun sem stofnuninni hefur verið falið að koma á svo að tryggt sé að hún henti samstarfsstofnununum.
- Endurskoða þarf fjármögnunarleiðina sem felst í tillögunni eftir ákveðinn tíma.
- Skýra þarf hvað átt er við með tillögunni um að ekki skuli nota norrænar fjárveitingar til grunnfjármögnunar. Eigi það einnig við um þóknun fyrir gestafræðimenn og nýdoktorsstöður kann það að valda vanda.
- Að því er varðar NIAS fjármagnar Norræna ráðherranefndin hana að 80 prósentum. Hafnarháskóli skrifar að þar sé í bígerð að tengja NIAS og háskólann nánar saman en að það taki tíma. Taka verði tillit til þess við gerð rammisamnings og útfærslu fjármögnunarleiðarinnar.
- Skýra verður hvernig tryggja á fjármögnun og viðhald rannsóknarinnviða samstarfsstofnanna, svo sem gagnagrunna, bókasafna og skjalasafna.

Auk þess hefur nefndin efasemdir um málsgrein í tillögunni undir fyrirsögninni „Mat á áhrifum“ þess efnis að engin eða minni norræn fjármögnun stofnananna valdi gisnun samstarfsneta fremur en að kunnátta eða hæfni fari til spillis. Úttektir hafa sýnt að allar samstarfsstofnanirnar stuðli að norrænu notagildi. Minnki norræn fjármögnun eða falli alfarið niður er hættu á að norrænni áherslu á rannsóknir verði teft í tvísýnu og að norrænt notagildi verði að engu.

Í lok skýrslu sinnar mælir Peter Stenlund með að Norræna ráðherranefndin íhugi hvernig haga skuli samráði við Norðurlandaráð um rannsóknarsamstarfið. Norræna ráðherranefndin bendir einnig á þetta sjálf í greinargerð sinni um málefni rannsókna sem kynnt var á þingi Norðurlandaráðs árið 2017. Þekkingar- og menningarnefndin bíður þessa með eftirvæntingu.

Helsingfors, 3. september 2019

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)

Aron Emilsson (SD)

Daniel Riazat (V)

Edmund Joensen (sb)

Erlend Wiborg (FrP)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Jouni Ovaska (cent)

Lars Mejern Larsson (S)

Magnus Jacobsson (KD)

Marianne Synnes (H)

Mikko Kinnunen (cent)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Riikka Purra (saf)

Veronika Honkasalo (vinstri)

Ný tillögugrein

Norræna ráðherranefndin verður að halda áfram að fjármagna þær norrænu stofnanir sem beina athygli að norrænu samstarfi og notagildi. Pólitísk íhlutun er mikilvæg og það verður að leggja áherslu á eina stofnun í hverju landi. Sem stendur er engin í



Finnlandi. Fara þarf yfir þær stofnanir sem fjármagnaðar eru og hvort um réttar stofnanir sé að ræða og samræma upphæðina, þó e.t.v. að Íslandi undanþegnu vegna smæðar.

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún fari yfir þær norrænu stofnanir sem í dag eru fjármagnaðar og hvort um réttar stofnanir sé að ræða og samræmi upphæðina.

Stokkhólmi, 29. október 2019

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eveliina Heinäluoma (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Ilmari Nurminen (sd)

Johan Andersson (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kasper Roug (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Pyry Niemi (S)

Ruth Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Thomas Jensen (S)

Tony Wikström (ÅSD)

Åsa Karlsson (A)